

277. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGUR 26. APRÍL 2018 KL 19:00

Aukafundur

DAGSKRÁ

Erindi Kjörstjórnar þjóðkirkjunnar varðandi framlengingu á tíma kosningar til embættis vígslubiskups í Skálholti.

FUNDARGERÐ

Fundurinn var fjarfundur. Hann hófst kl. 19:00 með því að framkvæmdastjóri kirkjuráðs framsendi kirkjuráðsmönnum erindi kjörstjórnarinnar. Í erindinu kom fram að sú staða væri komin upp að mistök hefðu orðið í póstdreifingu hjá Íslandspósti með því að kjörgögnum í kjöri til embættis vígslubiskups í Skálholti hefði ekki verið dreift hinn 23. apríl eins og til hefði staðið en biskupsstofa hefði skilað gögnunum til dreifingar þann dag, heldur hefðu gögnin beðið í tvo sólarhringa áður en dreifing þeirra hófst. Atkvæðum skyldi skila í síðasta lagi þann 7. maí nk. en nú sé ljóst að tíminn sé orðinn mjög knappur, sérstaklega fyrir fólk úti á landi þar sem pósti sé einungis dreift tvisvar til þrisvar í viku. Kjörstjórn hafi því ákveðið á fundi sínum í dag að nauðsynlegt væri að bregðast við þessu og ákveðið að framlengja þann tíma sem kosningin stendur til 14. maí nk.

Það er álit Kjörstjórnar þjóðkirkjunnar að bregðast þurfi skjótt við og birta auglýsingu um þessa breytingu og því er farið fram á samþykki kirkjuráðs á þessari ákvörðun, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna og því er þess óskað að kirkjuráð bregðist skjótt við og afstaða þess liggi fyrir eigi síðar en kl. 14:00 á morgun svo unnt sé að vinna málið áfram.

Kirkjuráð samþykkir erindi Kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 27. apríl kl. 09:15. Oddur Einarsson ritaði fundargerð.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon